

Sigrún Helgadóttir

## Um mótald og önnur öld ásamt útúrdúrum

Í þessum pistli langar mig til þess að fjalla um orð sem eru mynduð með viðskeytinu *-ald* sem hefur nokkuð verið notað við myndun ídorða í tölvu- og upplýsingatækni. Í *Íslenskri orðsifjabók* Ásgeirs Blöndals Magnússonar (1989) segir að viðskeytið *-ald* sé komið úr germönsku, *-aðla-* (við hljóðavíxl *-ðl- > -lð-*) sem er þannig myndað að viðskeytið *-ðla-* var skeytt við tematiskan stofn. Ásgeir segir enn fremur að viðskeytið hafi upprunalega myndað ýmist verknaðar- eða verkfærismorfur af sögnum (*farald* af *fara*, *hafald* af *hefja*, *hafald*, *rekald* af *reka*), en síðar einnig af nafnyrdum (*kerald* af *ker*, *hrúgald* af *hrúga*).

Þegar Orðanefnd Skýrslutækniáskrár Íslands (hér eftir nefnd Tölvuorðanefnd) undirbjó fyrstu útgáfu *Tölvuorðasafns* sem kom út 1983 þurfti meðal annars að finna íslenskt heiti yfir tæki sem á ensku kallast **modem** og er 'búnaður sem mótari og afmótari merki'. Í vefútgáfu *Tölvuorðasafnsins* frá 2013 stendur enn fremur að þetta tæki sé oft 'notað til þess að leyfa flutning stafrænna merkja með flaumrænum flutningsbúnaði'. Enska orðið, sem oft er rituð með hástöfum, "MODEM", er stytting á **MODulator-DEModulator** en **modulator** er 'búnaður sem mótari merki og gerir það sendingarhæft' og er kallað *mótari* á íslensku. **Demodulator** er 'búnaður sem breytir mótuðu merki í upprunalega merkið' og hefur fengið íslenska heitið *afmótari*<sup>1</sup>.

Nefndinni var nokkur vandi á höndum að finna hentugt íslenskt heiti fyrir þetta tæki sem var orðið þó nokkuð fyrirferðarmikið í íslenskri upplýsingatækni og varð enn þá mikilvægara á næstu árum eftir útkomu bókarinnar. Ef búa ætti til ídorð sem segði alla söguna yrði það nokkuð langt. Þá rifjaðist upp að orðanefnd rafmagnsverkfræðinga<sup>2</sup> hafði gripið til viðskeytisins *-ald* og myndað orðið *hitald* fyrir **heat element** eða **heating element** og *ferjald* fyrir **transducer**. Bæði þessi orð eru í öðru bindi *Raftækni- og ljósorðasafns* frá 1973. Nefndarmenn hafa áttað sig á því að viðskeytið *-ald* mætti nota um verkfæri þó að Orðsifjabók Ásgeirs Blöndals hafi ekki komið út fyrr en árið 1989. Elsta dæmið um orðið *hitald* sem ég hef fundið er úr *Timanum*<sup>3</sup> frá 30. apríl 1957. Þar ritar Sigríður Thorlacius pistilinn *Á kvenpalli*. Í pistlinum ræðir hún við Sveinbjörn Björnsson, forstjóra Ofnasmiðjunnar, og son hans Björn, um ýmsa framleiðslu Ofnasmiðjunnar sem gæti komið húsmæðrum að gagni. Þar er m.a. fjallað um rafsuðupott sem tekur 75 lítra (og er sennilega fyrir suðu á þvotti) og hefur í sér 3 kw *hitald*. Sem skýringu setur Sigríður innan sviga: „það hvað vera nýtt íslenskt orð fyrir element“. Í *Ritmálsskrá Orðbókar Háskólans* er elsta dæmið um orðið *hitald* úr *Frey* frá árinu 1970. Orðið er örugglega eldra en frá 1957. Orðið finnst ekki við leit í *Timariti Verkfræðingafélagsins* á vefnum <http://timarit.is/> en lausleg leit á vefnum sýnir að orðið er nokkuð notað. Elsta dæmi um orðið *ferjald* finnst í *Timariti Verkfræðingafélagsins* (1. tölublaði 38. árgangs 1953) í bréfi til stjórnar R.V.F.Í. frá orðanefnd félagsins þar sem fjallað er um „orðalista í raffræði og skyldum greinum“ sem orðanefndin afhendir félaginu ásamt skýringum<sup>4</sup>. Lausleg leit á

<sup>1</sup> Tölvuorðasafn. Vefslóð <http://sky.is/index.php/forsiea11/toelvuoreasafn>.

<sup>2</sup> Fullu nafni Orðanefnd Rafmagnsverkfræðingadeildar Verkfræðingafélags Íslands (R.V.F.Í.)

<sup>3</sup> [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=60417&pageId=1029578&lang=is&q=hitald](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=60417&pageId=1029578&lang=is&q=hitald)

<sup>4</sup> [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=348169&pageId=5704719&lang=is&q=ferj%F6ld](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=348169&pageId=5704719&lang=is&q=ferj%F6ld)

vefnum sýnir að orðið virðist vera notað nokkuð oft. Það er frekar líklegt að bæði orðin hafi orðið til fyrir 1953 þegar orðanefnd R.V.F.Í. afhenti orðalista sinn.

Nefndarmenn í Tölvuorðanefnd ákváðu að beita svipaðri aðferð við að mynda íslenskt orð fyrir **modem** og gert var þegar orðið *hitald* var myndað. Upplagt þótti að mynda nýtt orð af sögninni *móta* og nota viðskeytið *-ald* til þess að búa til heiti á þetta tæki og úr varð orðið *mótald*. Orðið var sett inn í fyrstu útgáfu *Tölvuorðasafns* 1983. Það fékk fljótt töluverða útbreiðslu vegna þess að fólk fann að enska orðið **modem** var ekki íslenskt, þó að það væri fært í hálfíslenskan buning og kallað *módem*. Orðið komst m.a. í símaskrána tiltölulega fljótlega.

Í 3. tbl., 14. árg. tímaritsins *Tölvumál* (apríl 1989) ritaði Halldór Kristjánsson verkfræðingur grein um mótöld sem hann vildi reyndar kalla „modem“ eða „módem“ og ritaði á báða vegu. Halldór segir í greininni: „Nafnið módem er samsett úr fyrrihluta þeirra tveggja orða sem lýsa hlutverki módem. **Modulation** (mótun) og **demodulation** (afmótun). Notað hefur verið íslenska orðið mótald í stað þess enska, en það er mín skoðun að það nafn lýsi aðeins öðrum þættinum, það er mótuninni.“

Halldór Kristjánsson var formaður Skýrslutæknifélagsins á þessum tíma og fannst orðanefndarmönnum hann gera heldur lítið úr löngu starfi nefndarinnar. Í sama tölublaði var einnig pistill eftir undirritaða sem var formaður orðanefndarinnar þar sem athygli var vakin á nýjustu útgáfu orðasafnsins. Í 4. tbl., 14. árg. *Tölvumála* (maí 1989) ritaði einn nefndarmanna, Þorsteinn Sæmundsson, stjarnfræðingur, því pistil til varnar mótaldinu. Þorsteinn gerði aðallega að umtalsefni þá athugasemd Halldórs að heitið *mótald* lýsi aðeins öðrum þætti tækisins. Þorsteinn skiptir athugasemdum sínum í tvennt. Í fyrsta lagi segir hann hugsanlegt að Halldór eigi við það að orðið *mótald* lýsi ekki eiginleikum tækisins nægilega vel. Þorsteinn segir: „Sumir virðast álíta að nýyrði þurfi að lýsa tæki eða hugtaki svo vel að sá sem heyrir orðið í fyrsta sinn, skilji nokkurn veginn hvaða hlutverki tækið eða hugtakið gegni.“ Þorsteinn segir að þetta sé óraunsæ krafa og þegar valin séu nýyrði í tæknimáli þurfi oftast að koma til móts við margar óskir. Þorsteinn tekur sem dæmi orðið *sími*. Nú munu ekki margir vita uppruna orðsins en allir vita samt hvað sími er.

Í öðru lagi segir Þorsteinn að vel geti verið að Halldór telji að orðið *mótald* sé ekki myndað á rökréttan hátt þar sem það vísar eingöngu til hlutverksins að móta en ekki til gagnstæða hlutverksins að afmóta. Þorsteinn segir að til þess að koma til móts við þessa athugasemd hefði mátt kalla tækið *mótafald* (mót-afald) en mælir samt ekki með því orði. Þorsteinn bendir síðan á nokkur dæmi um heiti á tækjum sem aðeins minna á annað hlutverk af tveimur. Þar nefnir hann orð eins og *rofa* „sem bæði rýfur og tengir, *lyftuna* sem lætur hluti síga niður álfika oft og hún lyftir þeim upp, og *heyrnartólið* sem oft er hvort tveggja í senn heyrnar- og taltól.

Í 7. tbl., 14. árg. *Tölvumála* (október 1989) var pistill eftir formann orðanefndarinnar um ýmis orð í tölvutækni, m.a. um tölvuveirur. Á þeim tíma var umræða um hvort kalla skyldi þessi fyrirbæri *vírusa* eða *veirur*. Í líffræði og læknávisindum höfðu veirur verið þekktar lengi. Fjörug umræða var um það um miðja síðustu öld hvað ætti að kalla þetta fyrirbæri á íslensku. Vilmundur Jónsson, landlæknir, lagði til kvenkynsorðið *veira*. Vilmundur ritaði greinina *Vörn fyrir veiru í Frjálsa þjóð*<sup>5</sup> 7. maí 1955. Tílefni greinarinnar voru ummæli Dr. Sigurðar Péturssonar gerlafræðings í greininni *Vírusarnir og frumgróður jarðarinnar* í lokahefti 24. ár-

<sup>5</sup> [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=259807&pageId=3640396&lang=is&q=veira](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=259807&pageId=3640396&lang=is&q=veira)

gangs *Náttúrufræðingsins* (1954)<sup>6</sup>. Þar segir: „Nafnið *veira* hefur líka verið notað á þennan lífveruflokk í íslensku máli, en það virðist ekkert hafa fram yfir orðið vírus nema tilgerðina. Orðið vírus fer vel í málinu og beygist eins og primus“. Í grein sinni skýrir Vilmundur hvers vegna og hvernig hann datt niður á orðið *veira*. Vilmundur segir einnig frá því að Halldór Halldórsson hafi tjáð honum að orðið *veira* kæmi fyrir í orðabók séra Björns Halldórssonar (1814/1992). Björn þýðir ekki orðið *veira* en vísar til orðsins *feira* sem hann segir merkja myglu eða fúkka. Vilmundur ræðir síðan um þetta „smekksmál“ sem hann kallar svo og „hve miklu tilgerðalausari íslensku tunga hefði mátt verða, ef hann [þ.e. smekkurinn] hefði fengið að njóta sín betur á liðnum tímum en raun ber vitni.“ Vilmundur telur síðan upp fjölmörg dæmi um þetta. Ég læt eitt fljóta með. Vilmundur segir: „Ekki reyni ég að rýna eftir því, hvenær sá sundurgerðarmaður var uppi með íslenskri þjóð, sem gerði móðurmáli sínu það til óþurftar að þykjast þýða patriót á íslensku og kalla föðurlandsvin, sem virðist ekkert hafa fram yfir orðið patriót nema tilgerðina. Orðið patriót fer vel í málinu og beygist eins og idiót.“

Í framhaldi af þessum hugleiðingum Vilmundar bætti ég við mína grein þessari hugleiðingu: „Ég vil aðeins bæta við fyrir aðdáendur módemsins að orðið móttald virðist ekkert hafa fram yfir orðið módem nema tilgerðina. Orðið módem fer vel í málinu og beygist eins og exem.“

Í *Tölvuorðasafninu* eru þrjú orð sem eru mynduð með því að nota viðskeytið *-ald*, auk samsetninga af orðinu *móttald* og orðsins *ferjald* sem áður er getið. Þessi orð eru: (1) *netald* sem er þýðing á enska heitinu **hub**, ‘búnaður sem er í hnút í stjörnuneti og samhæfir gagnafjarskipti milli annarra hnúta í netinu’, samheiti *nöf*.; (2) *pakkald* sem er þýðing á enska heitinu **packet assembler/disassembler**, skammstafað **PAD**, ‘búnaður sem gerir útstöðvartækjum, sem ekki eru útbúin fyrir pakkaflutningsaðferð, kleift að fá aðgang að pakkaneti’; (3) *varald* sem er þýðing á enska heitinu **hardware security module**, skammstafað **HSM**, ‘öruggur vélbúnaður sem varðveitir eða framleiðir stafræn leyndarmál svo sem dulmálslykla’<sup>7</sup>. Ekkert þessara þriggja orða virðist hafa komist í almenna notkun. Orðanefndin gerði tilraun með eitt orð enn í þessum flokki, þ.e. *skjáald*. Upphaflega átti orðið *skjár* að vera þýðing á enska heitinu **screen**, ‘myndflötur myndlampa’. Orðið var tekið upp í þessari merkingu á árunum 1973–1975 þegar rafmagnsverkfræðingarnir Bergur Jónsson og Gísli Júlíusson þýddu leiðbeiningar um notkun svokallaðs kerfiráðs sem var settur upp hjá Landsvirkjun. Orðið var síðan tekið upp fyrir myndfleti sjónvarpstækja. Skömmu síðar tóku að berast til landsins fylgitæki með tölvum sem höfðu myndlampa. Þá hafði landslýður svo rækilega meðtekið orðið *skjár* að allur myndlampinn var kallaður *skjár* eða í mesta lagi *tölvuskjár*. Orðanefndin reyndi að aðgreina tækið og myndflötinn með því að kalla tækið allt *skjáald* (e. **video display unit**, **VDU**) og myndflötinn *skjá*. Þessi greinarmunur var gerður í annarri útgáfu *Tölvuorðasafnsins* frá 1986. Þar er **screen** kallað *skjár*, **video display unit** fær heitið *skjáald* og **video display terminal** (‘ústöð með hnappborði og skjáaldi til þess að birta upplýsingar’) fær heitið *skjástöð*. Í vefútgáfu *Tölvuorðasafns* frá 2013 er talið að **video display terminal** og **video display unit** séu samheiti og gefið íslenska heitið *skjástöð*. Formaður orðanefndar ritaði pistil um skjámálið í 4. tbl., 10. árg. *Tölvumála* (apríl 1985).

Látum þá þessu hjali um öldin vera lokið í bili.

<sup>6</sup> [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=290929&pageId=4268227&lang=is&q=veira](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=290929&pageId=4268227&lang=is&q=veira)

<sup>7</sup> <http://sky.is/index.php/forsiea11/toelvuoreasafn>

### Heimildir

- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Orðabók Háskólans. Reykjavík.
- Björn Halldórsson. *Orðabók. Íslensk-latnesk-dönsk*. Ný útgáfa. Orðabók Háskólans. Reykjavík. 1992. [LEXICON ISLANDICO-LATINO-DANICUM. HAVNLÆ MDCCCXIV].
- Halldór Kristjánsson. 1989. Um tölvutækni: Modem. Pistill í tímaritinu *Tölvumál*, 3. tbl. 14. árg., apríl 1989.
- Raftækni- og ljósorðasafn* 2. bindi. 1973. Orðanefnd Rafmagnsverkfræðingadeildar Verkfræðingafélags Íslands annaðist íslenska þýðingu. Menningarsjóður. Reykjavík.
- Sigrún Helgadóttir. 1985. Frá orðanefnd. Pistill í tímaritinu *Tölvumál*, 4. tbl. 10. árg., apríl 1985.
- Sigrún Helgadóttir. 1989. Frá orðanefnd. Pistill í tímaritinu *Tölvumál*, 7. tbl. 14. árg., október 1989.
- Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. *Ritmálssafn*. [http://www.arnastofnun.is/page/gagnasofn\\_ritmalssafn](http://www.arnastofnun.is/page/gagnasofn_ritmalssafn)
- Tölvuorðasafn*. 1983. Íslenskt-enskt, enskt íslenskt. Orðanefnd Skýrslutæknifélags Íslands tók saman. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík.
- Tölvuorðasafn*. 1986. Íslenskt-enskt, enskt íslenskt, 2. útgáfa, aukin og endurbætt. Orðanefnd Skýrslutæknifélags Íslands tók saman. Ritstjóri: Sigrún Helgadóttir. Íslensk málnefnd. Reykjavík.
- Þorsteinn Sæmundsson. 1989. Um modem og mótald. Pistill í tímaritinu *Tölvumál*, 4. tbl. 14. árg., maí 1989.